

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Þjóðlagatónlist - Fjarnám með fáeinum stað-kennslustundum

Vorönn 2024

Kennari: Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir

Skilaskylda verkefna: 100 %

Námsmat: Símat út frá virkni og þátttöku

Einingar í framhaldsskóla: 2

Áfangalýsing:

Fyrirbærið „þjóðlög“ er rannsakað, og þjóðlög ýmissa þjóða skoðuð, þ.á.m. þau íslensku. Unnið verður með þjóðlög og þjóðlagatónlist sem lifandi hefð og nemendur flytja tónlist og gera tilraunir á því sviði.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemendur velti vöngum yfir eðli þjóðlagatónlistar og auki þekkingu sína á henni, bæði hugtakinu - út frá þjóðtónlistarfræði - og í reynd, þ.e. gegnum hlustun.

Leikni:

Nemendur þjálfist í flutningi þjóðlaga og þjóðlagatónlistar, og kanni óþrjótandi möguleika á því sviði.

Námsgögn:

Vikulegar námsefnis- og verkefnasendingar frá kennara, tónlistarupptökur af netinu eða víðar. Eigin rödd og/eða hljóðfæri.

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Þátttaka	Nemendur skulu skila verkefnum vikulega. Ekki þarf að vinna upp forföll vegna veikinda. Nemandi getur fengið skilafrest verkefna framlengdan ef hann sýnir fram á gilda ástæðu til þess.	50 %
Virkni	Nemendur skuli leggja sig fram við vinnslu verkefna, sýna sjálfstæða hugsun og vera tilbúin til að gera tilraunir og semja eigin tónlist út frá þjóðlagatónlist.	50 %

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (8.-12. jan 2024)	Fyrirbærið og hugtakið "Þjóðlagatónlist" skoðað. Hvað er þjóð? Lifandi hefð. Þjóðernisstefna og þjóðlagasöfnun.	Finna þjóðlag hvaða þjóðar sem er til að flytja bekknum/kennara eða spila af upptöku.
2. vika (15.-19. jan 2024)	Munnleg hefð - skráning og varðveisla - þjóðlög í nútímanum - þjóðlög nútímans Lagafundir kynntir/fluttir.	Reyna að finna íslenskt þjóðlag sem enginn þekkir og flytja/kynna í næsta tíma.
3. vika (22.-26. jan 2024)	Bókin <i>Íslensk þjóðlög</i> eftir Bjarna Þorsteinsson. Inngangur og saga bókarinnar. Vægi hennar fyrir varðveislu þjóðararfs. Tónlist/bókmenntir/kveðskapur. Flytja/kynna lítt þekkt íslenska lagið.	Lesi heima grein um rímnakveðskap á vef Kvæðamannafélagsins Íðunnar.
4. vika (29. jan - 2. feb 2024)	Rímnakveðskapur - kynning - byrjað að kveða	Æfa rímnasöng heima. Læra eitt lag utan að, tvö til fjögur erindi.
5. vika (5.-9. feb 2024)	Rímnakveðskapur - bragfræði og reglur - kveðið áfram - kveða utan að tvö til fjögur erindi	Semja tónsmíð út frá rímnalagi. Tónsmíðin þarf ekki að verða fullsköpuð.
6. vika (12. feb 2024)	Heimatónsmíðarnar eða drög að þeim kynntar, skoðaðar, prófaðar, fluttar.	Tónsmíðavinna - haldið áfram með það sem var byrjað á, eða tekið til við eitthvað nýtt.

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

7. vika (19.-23. feb 2024)	Íslenskur tvísöngur - uppruni, tilurð, sérstaða - hlustað, sungið	Tónsmíðavinna áfram.
8. vika (26. febrúar - 1. mars 2024)	Menningararfur - erfiður - lifandi - brotakenndur - á hreyfingu Tvísöngur - sungið áfram	Finna þjóðlag hvaðan að sem er, skilgreint eftir geðþótta, og æfa heima til að flytja og kenna bekknum/sendu á heimatilbúinni upptöku.
9. vika (4.-8. mars 2024)	Spilatími. Mæta með hljóðfæri, og þjóðlagið sem æft var heima. Hlusta, læra lög af hinum.	
10. vika (11.-15. mars 2024)	Smalaköll - íslensk - norræn Mongólskur barkasöngur	
11. vika (18.-22. mars 2024)	Tóntegundir - í íslenskum þjóðlögum - í lögum annarra þjóða - sungin lög í nokkrum slíkum	Æfa heima lag í verulega framandi tóntegund, sungið eða leikið á hljóðfæri sem kemst út fyrir tólf-tóna skalann.
12. vika (8.-12. apríl 2024)	Afríka - saga - staða í dag - tónlist frá ýmsum stöðum	Finna mjög kúl myndband eða mjög flott lag frá Afríku til að spila fyrir bekkinn (upptöku).
13. vika (15.-19. apríl 2024)	Afríka, frh. Lögin sem fundust spiluð í tímanum (upptaka).	Finna lag frá Afríku og læra það. Eða finna upptöku að þjóðlagi frá hvaða útlandi sem er til að kynna fyrir bekknum.

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

14. vika (22.-24. apríl 2024)	Kúba - saga og tónlistarsaga - dans Heimavinnulögin kynnt eða flutt.	Hefjast handa við nýja tónsmíð tengda þjóðlögum eða þjóðlagatónlist.
15. vika (29. apríl - 3. maí 2024)	Martinique og Guadeloupe. Brasilía. Framvinda tónsmíða kynnt og skoðuð.	Leita uppi myndband á netinu með dansi sem nemandi skilgreinir sem þjóðdans eða tengdan þjóð-list. Áfram smíðað úr tónum.
16. vika (6.-10. maí 2024)	Dans og þjóðdansar. - Vægi dansa í þjóðlagatónlist - Dansar mismunandi þjóða skoðaðir Unnið í tónsmíðunum ef vill.	Lokahönd lögð á tónsmíðar.
17. vika (13.-17. maí 2024)	Lokatími. Nemendur sendir út í heim á vit tónlistarinnar. Sungið, spilað, eigin tónsmíðar fluttar að vild.	